

8. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

26. júlí 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH), Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM) í gegnum Skype og Tinna Isebarn (TI) framkvæmdastjóri LUF.

Forföll boðaði: Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ)

Fundur settur 18:33

Dagskrá:

1. **Fundargerð 7. Stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. **„Agenda 2030“:** Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að fjárstyrkja norræn „National Youth Councils“ til að halda annan fund um þróunarmarkmiðin. Allianssi, systursamtök LUF í Finnlandi hafa óskað eftir samstarfi. Stjórnin samþykkti að vera með í styrkumsókn og að fundurinn yrði haldinn á Íslandi.
 - b. **„EEA Grants Fund for Youth Employment“:** LUF barst beiðni um samstarf frá Portúgal og Búlgaríu. Lagt var til að TI setti upp sérstaka möppu fyrir erlendar samstarfsbeiðnir.
3. **Lokaskýrsla #ÉgKýs var lögð til umræðu:** Teknar voru ákvarðanir um útgáfudag og prentun. Stjórn bókar það sérstaklega að skýrslan sé mjög vel unnin. Samþykkt var að allir stjórnarmenn lesi skýrsluna vel yfir áður en hún verður samþykkt.
4. **Svar við greinargerð til EUF:** Samþykkt var að svara EUF og fara með málið lengra.
5. **Leiðtogaskólinn:**
 - a. **Skráning:** Ákveðið var að skráning færi fram í gegnum heimasíðu LUF.
 - b. **Drög að stundatöflu og námskeiðslýsingum** voru samþykkt.
6. **Alþjóðamálum var frestað til næsta fundar vegna fjarveru LMJ.**
7. **Heimasíða:** Stjórn tók ákvörðun um að gera nýju heimasíðuna notendavæna að forgangsmáli.
8. **Önnur mál:** Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:37

UH ritaði fundargerð.